

Ákvörðun nr. 39/2020
Föstudagur, 18. desember 2020

Bættar samkeppnisaðstæður við sölu á flugvéla- og þotueldsneyti á flugvöllum innanlands

I. Samantekt

1. Með ákvörðun þessari er gerð grein fyrir sátt sem Skeljungur hf. (hér eftir „Skeljungur“) hefur gert við Samkeppniseftirlitið til að auka og jafna aðgengi keppinauta að mikilvægri aðstöðu Skeljungs til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum. Með sáttinni er stjórnábyrgð vegna kvörtunar N1 í garð Skeljungs vegna aðgangs að aðstöðu á flugvöllum lokið, sem og hlut Skeljungs í þeim samkeppnishömlum við birgðahald sem markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði leiddi í ljós. Með sáttinni hefur Skeljungur skuldbundið sig til þess að tryggja með nánar tilgreindum aðgerðum að aðgengi annarra seljenda eldsneytis að aðstöðu félagsins á flugvöllum verði greiðara, m.a. með með jöfnum og hlutlægum aðgangi slíkra aðila að birgðarými í eigu félagsins og allri tengdri þjónustu. Með því er skapaður tryggari jarðvegur fyrir virka samkeppni í eldsneytissölu fyrir flugvélar.
2. Skilyrði þessi taka mið af þeim skilyrðum sem nú gilda í starfsemi Olíudreifingar Íslands (ODR), en þau skilyrði voru sett í tengslum við samruna annars vegar Haga og Olíuverzlunar Íslands og hins vegar N1 og Festi, sbr. ákvarðanir nr. 8 og 9/2019. Skilyrðin taka ennfremur mið af frummati Samkeppniseftirlitsins vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði, sbr. skýrslu eftirlitsins nr. 2/2015.
3. Tildrög máls þessa má rekja til kvörtunar N1 hf. (nú Festi hf.) frá 7. október 2015 sem snéri að meintri synjun Skeljungs á aðgangi að birgðaaðstöðu félagsins á flugvöllum innanlands sem og kröfu um að Samkeppniseftirlitið tæki bráðabirgðaaðstæðu sem kvæði á um aðgang að aðstöðu félagsins á grundvelli 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Með bréfum til N1 og Skeljungs, dags. 27. október 2015, upplýsti Samkeppniseftirlitið að það teldi tilefni til að skoða nánar hvort taka skyldi til rannsóknar meinta háttsemi Skeljungs á umræddum flugvöllum, sbr. 9. gr. reglna um málsmeðferð eftirlitsins. Ekki væri þó brýnt að taka ákvörðun til bráðabirgða á grundvelli 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Þá var frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum birt í nóvember 2015 og í framhaldinu tekin til umfjöllunar og leitað sjónarmiða, en frummat eftirlitsins varðaði ekki síst aðgengi að birgðaaðstöðu. Með hliðsjón af þessu var rannsókn á grundvelli kvörtunar N1 vegna Skeljungs lögð til hliðar að sinni og tafðist í framhaldinu vegna rannsókna eftirlitsins á samrunum á eldsneytis- og dagvörumörkuðum, þar sem aðgengi að birgðahaldi eldsneytis var einnig til umfjöllunar.



II. Málavextir og málsmeðferð

4. Þann 7. október 2015 kvartaði Festi hf. (þá N1 hf., hér eftir „N1“) til Samkeppniseftirlitsins vegna meintrar höfnunar Skeljungs hf. (hér eftir „Skeljungur“) um að veita N1 aðgang að mannvirkjum og aðstöðu félagsins á flugvöllum hérlendis. Nánar tiltekið er Skeljungur eigandi mannvirkja og tækja til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á innanlandsflugvöllum í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Að mati N1 hefði Skeljungur yfir að ráða ómissandi stöðu á umræddum flugvöllum sem skylt væri að veita keppinautum aðgang að.
5. Í kjölfar tölvupóstsamskipta N1 og Skeljungs árið 2015 vegna beiðni fyrrnefnda félagsins um aðgang að aðstöðu og þjónustu á innanlandsflugvöllum var það mat kvartanda að Skeljungur hefði synjað beiðni hans. Með þeirri synjun hefði Skeljungur að mati N1 m.a. komið í veg fyrir að félagið gæti tekið þátt í útboði Flugfélags Íslands í október 2015 og þannig komið í veg fyrir að N1 geti keppt á markaði fyrir sölu flugvélaeldsneytis. Að sögn N1 væri Skeljungur markaðsráðandi á slíkum markaði vegna aðstöðu sinnar og synjun Skeljungs um aðgang fæli í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í erindi N1 var jafnframt gerð krafa um að Samkeppniseftirlitið tæki bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.
6. Með bréfi til Skeljungs dags. 9. október 2015 óskaði Samkeppniseftirlitsins eftir sjónarmiðum félagsins vegna erindis N1, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sjónarmið Skeljungs bárust með bréfi dags. 15. október 2015 og var því bæði hafnað af hálfu félagsins að það byggji yfir meintri ómissandi aðstöðu eða markaðsráðandi stöðu, sem og að Skeljungur hefði neitað að eiga í viðskiptum við N1. Vegna þessa teldi Skeljungur hvorki standa lagaskilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar né til þess að hefja sérstaka rannsókn vegna kvörtunarinnar.
7. Með bréfi dags. 15. október 2015 var kvartanda N1 gefinn kostur á að tjá sig um framangreind sjónarmið Skeljungs. Í bréfi N1 til Samkeppniseftirlitsins dags. 20. október 2015 færði félagið frekari rök fyrir erindi sínu og ítrekaði upphaflegar kröfur sínar, bæði um töku bráðabirgðaákvörðunar og frekari rannsókn Samkeppniseftirlitsins.
8. Með bréfum til N1 og Skeljungs, dags. 27. október 2015, upplýsti Samkeppniseftirlitið að það teldi tilefni til að skoða nánar hvort taka skyldi til rannsóknar meinta háttsemi Skeljungs á umræddum flugvöllum, sbr. 9. gr. reglna um málsmeðferð eftirlitsins. Ekki væri þó brýnt að taka ákvörðun til bráðabirgða á grundvelli 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Þá var Skeljungi gefinn kostur á að tjá sig öðru sinni, m.a. um framkomnar athugasemdir N1. Frekari sjónarmið Skeljungs bárust Samkeppniseftirlitinu þann 11. nóvember 2015.
9. Með tölvupósti dags. 13. nóvember 2015 upplýsti Skeljungur Samkeppniseftirlitið að félagið hefði tekið ákvörðun um að opna aðgang að birgðastöðvum félagsins fyrir flugsteinaolíu á umræddum flugvöllum og bréf þessi efnis yrðu send N1, Olís og Atlantsolíu. Vegna framgangs þessa máls upplýsti Skeljungur einnig með afriti til Samkeppniseftirlitsins að fyrirtækið hefði þann 1. júní 2016 óskað aðgangs að birgðastöðvum Olíudreifingar ehf.
10. Í lok árs 2015 birti Samkeppniseftirlitið frummatsskýrslu sína vegna markaðsrannsóknar á íslenska eldsneytismarkaðnum sem hafin var að frumkvæði eftirlitsins í júní 2013 á grundvelli heimildar í c-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Lýtur markaðsrannsóknin m.a. að aðgengi að eldsneyti á birgðastigi og dreifingu eldsneytis. Í frummatsskýrslunni voru m.a. mögulegar úrbætur reifaðar vegna aðstæðna sem eftirlitið taldi skaðlegar samkeppni. Í kjölfar áður nefndrar frummatsskýrslu og eftir opinn fund með hagsmuna- og markaðsaðilum haustið 2016 birti Samkeppniseftirlitið möguleg næstu skref vegna markaðsrannsóknarinnar; að



undirbúa íhlutun, beina tilmælum um breytingar til stjórnvalda eða fyrirtækja, eða að niðurstaðan yrði sú að ekki væri þörf á frekari umfjöllun Samkeppniseftirlitsins. Niðurstaða og málalok markaðsrannsóknar Samkeppniseftirlitsins gæti verið eitthvað af þessu þrennu, eða blanda af öllum þremur leiðunum.

11. Í apríl 2017 birti Samkeppniseftirlitið fjögur álit í tengslum við markaðsrannsóknina þar sem mælst var til þess við Reykjavíkurborg, umhverfis- og auðlindaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Flutningsjöfnunarsjóð olúvara að þessir aðilar beittu sér fyrir breytingum á umgjörð eldsneytismarkaðar til að stuðla að virkari samkeppni. Kom fram í álitunum að viðbrögð við þeim tilmælum sem í þeim birtust gætu haft þýðingu fyrir úrlausn málsins og markaðsrannsóknarinnar. Í lok árs 2017 tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum á eldsneytismarkaði um framangreint og að tafir hefðu orðið markaðsrannsókninni vegna mikilla anna við rannsókn samrunamála, sjá einnig nánar frétt á vef eftirlitsins þann 13. júlí 2017.¹ Lyktir á rannsóknum samruna Haga og Olís annars vegar og samruna N1 og Festi hins vegar gætu haft þýðingu við úrlausn markaðsrannsóknarinnar og ekki yrði unnið frekar í markaðsrannsókninni fyrr en ákvörðun lægi fyrir vegna fyrrgreindra samruna.
12. Rannsókn á samruna N1 og Festi lauk með ákvörðun nr. 8/2019, *Samruni N1 hf. og Festi hf.*, og rannsókn á samruna Haga og Olís lauk með ákvörðun nr. 9/2019, *Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.* Sáttirnar sem gerðar voru í tengslum við ákvarðanirnar fólu m.a. í sér sölu á eldsneytisstöðvum frá samrunaaðilum, aukið aðgengi endurseljenda að eldsneyti í heildsölu og aukið aðgengi að þjónustu Olíudreifingar. Þá gerði Samkeppniseftirlitið sérstaka sátt við Olíudreifingu þann 26. júní 2019 í samræmi við framangreint og um tiltekin skilyrði sem gilda nú um starfsemi félagsins vegna umræddra samrunaákvæðana.
13. Af framangreindum ástæðum urðu tafir á afgreiðslu erindis N1 í máli þessu af hálfu Samkeppniseftirlitsins, um meinta ólögmeta háttsemi Skeljungs í krafti markaðsstyrks og aðstöðu til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á áðurnefndum flugvöllum. Var kvartandi N1 upplýstur að nýju um framangreindar tafir og ástæður hennar í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 9. september 2019. Þá óskaði Samkeppniseftirlitið jafnframt upplýsinga um hvort meint ólögmet háttsemi Skeljungs vegna birgðarýmis á umræddum flugvöllum stæði enn yfir að mati kvartanda. Með tölvupósti þann 24. september 2019 upplýsti N1 að aðstæður væru m.a. að breytast á tilteknum flugvöllum sem málið varðaði.
14. Í kjölfarið aflaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga frá Skeljungum um aðstöðu og athafnir félagsins á flugvöllum með tölvupósti þann 1. október 2019. Svarbréf Skeljungs barst þann 10. október 2019. Með bréfinu upplýsti félagið að það hygðist áfram reka aðstöðu til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á Reykjavíkflugvelli, með þeirri breytingu að Flugfélag Íslands (Air Iceland Connect, „AIC“) myndi manna stöður starfsmanna og sjá um afgreiðslu eldsneytis fyrir hönd Skeljungs. Fyrirhugað umsýsnarfyrikomulag fæli í sér hagræði og lægri rekstrarkostnað við sölu og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum. Útskuldun yrði þó áfram hjá Skeljungum og starfsmenn AIC fengju ekki aðgang að verðupplýsingum. Að sögn Skeljungs stæði kvartanda N1 til boða sömu kjör á flugvöllum og öðrum aðilum á markaði.
15. Þar sem umrætt fyrirkomulag á Reykjavíkflugvelli var ekki komið til framkvæmda og áhrif þess á meintar samkeppnishömlur málsins ekki ljós óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum að nýju frá kvartanda N1 með tölvupósti þann 23. nóvember 2019. Svar kvartanda barst þann 2. desember 2019.

¹ Tafir á meðferð mála, forgangsröðun, 13. júlí 2019: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2959>



16. Samkeppniseftirlitið fundaði með Skeljungum þann 13. janúar 2020 um útistandandi stjórnisslumál félagsins hjá eftirlitinu, þ.m.t. vegna kvörtunar N1 í máli þessu og stöðu markaðsrannsóknarinnar.
17. Með tölvupósti þann 21. febrúar 2020 sendi Skeljungur tillögur að skilyrðum í mögulegri sátt. Í kjölfar viðræðna Skeljungs og Samkeppniseftirlitsins við gerð sáttarinnar voru sáttardrög með skilyrðum sendar kvartanda N1 til umsagnar þann 31. mars 2020. Sjónarmið N1 bárust þann 15. apríl 2020. Í kjölfar þeirra voru smávægilegar breytingar gerðar á sáttinni og skilyrðum hennar til samræmis við athugasemdir kvartanda. Sátt Samkeppniseftirlitsins og Skeljungs um aðstöðu félagsins til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum var svo undirrituð þann 25. júní 2020.

III. Niðurstaða

18. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, vegna markaðsrannsóknar á íslenskum eldsneytismarkaði, sem birt var þann 30. nóvember 2015, komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu að aðstæður á markaðnum, m.a. varðandi birgðahald og dreifingu eldsneytis, væru skaðlegar samkeppni og voru mögulegar úrbætur reifaðar í frummatsskýrslunni. Í skýrslunni taldi eftirlitið vörumarkaði fyrir birgðahald eldsneytis skiptast í átta markaði, þ.m.t. sérstaka vörumarkaði fyrir þotueldsneyti annars vegar (flugsteinaaolíu eða „jet“) og flugbensín hins vegar.
19. Við skilgreiningu landfræðilegra markaða notaðist Samkeppniseftirlitið m.a. við svokallaða framboðssvæðisgreiningu (e. catchment area analysis) til þess að áætla hvaða landsvæði tiltekna birgðastöðvar þjónuðu að mestu leyti. Á þeim grundvelli taldi Samkeppniseftirlitið í frummatsskýrslunni að landfræðilegir markaðir skiptust með eftirfarandi hætti:
 - a) *Þotueldsneyti* - Helguvík, Keflavíkurflugvöllur, höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Egilsstaðir og Ísafjörður.
 - b) *Flugbensín* - Keflavíkurflugvöllur, höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Egilsstaðir og Ísafjörður.
20. Samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins í framangreindri skýrslu var Skeljungur með 100% markaðshlutdeild miðað við gegnumstreymi bæði á vörumarkaði fyrir birgðahald flugbensíns og þotueldsneytis á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Á síðarnefnda markaðnum fyrir þotueldsneyti var Skeljungur jafnframt með 100% markaðshlutdeild fyrir birgðahald á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum, enda félagið eitt eigandi birgðatanka og enginn annar aðili með birgðahald þotueldsneytis á flugvöllum þessara staða.
21. Það var því m.a. samandregið frummat Samkeppniseftirlitsins í áður nefndri frummatsskýrslu að lóðrétt samþætting og aðgangshindranir væru til staðar á eldsneytismarkaði. Samkeppnisvandamálin fælust í því að olíufélögin og tengd fyrirtæki störfuðu á öllum stigum markaðarins (s.s. innflutningi, birgðahaldi, dreifingu, heildsölu og smásölu) og væru því öll lóðrétt samþætt. Markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins sýndi að félögin hefðu hvata og getu til þess að útiloka nýja keppinauta með því að neita þeim um eldsneyti í heildsölu eða aðgangi að birgðarými. Einnig væru vísbendingar um að félög hefðu nýtt sér birgðarými á tilteknum stöðum til þess að hindra innkomu keppinauta. Lagði Samkeppniseftirlitið því til þær mögulegu úrbætur í umræddri frummatsskýrslu að m.a. yrði tryggður aðgangur þriðju aðila að heildsölu og birgðarými eldsneytis. Þannig væri skapað umhverfi þar sem nýjir keppinautar gætu komið inn á markaði með minni tilkostnaði og um leið dregið úr hættu á þegjandi samhæfingu.



22. Til að auka og jafna aðgengi keppinauta að mikilvægri aðstöðu Skeljungs til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum, og til lúkningar á stjórnsýslumáli þessu sem til stofnaðist í kjölfar kvörtunar N1, undirritaði Skeljungur sátt við Samkeppniseftirlitið eins og áður sagði þann 25. júní 2020 (hér eftir „sáttin“). Sáttir sem gerðar eru á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga eru bindandi fyrir viðkomandi fyrirtæki og varða brot á skilyrðum satta stjórnvaldssektum, sbr. XI. kafla samkeppnislaga og 5. gr. sáttarinnar.
23. Í 1. gr. sáttarinnar, *Markmið og meginefni skilyrða*, er aðstaða Skeljungs til birgðahalds og afgreiðslu þotu- og flugvélaeldsneytis skilgreind. Er um að ræða aðstöðu á flugvöllum í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Skal Skeljungur skilgreina og lýsa nánar umræddri aðstöðu félagsins í skilningi sáttarinnar, í starfsreglum sem félagið setur á grundvelli sáttarinnar, og skal lýsing hennar taka til alls þess sem myndar aðstöðu Skeljungs á umræddum stöðum og nauðsynlegt fyrir birgða- og afgreiðsluþjónusta á flugvöllum, sbr. 2. mgr. 1. gr. sáttarinnar. Í a. til c. liðum 3. mgr. 1. gr. er fjallað markmið sáttarinnar og skilyrða hennar, og þar fjallað um þær skaðlegu samkeppnisaðstæður og hömlur sem reynt er að draga úr eða fyrirbyggja með sáttinni. Skal túlka ákvæði sáttarinnar og starfsreglur Skeljungs með hliðsjón af umræddum markmiðsákvæðum.
24. Í 2. gr. - *Aukið aðgengi að aðstöðu Skeljungs*, er kveðið á um rétt annarra seljenda eldsneytis og keppinauta Skeljungs til aðgangs að aðstöðu félagsins á flugvöllum með jöfnum og hlutlægum hætti. Þannig skal m.a. tryggt að keppinautar, hvort sem er núverandi eða nýjir seljendur eldsneytis, fái sama aðgang og Skeljungur að aðstöðu félagsins á flugvöllum, og að öll þjónusta Skeljungs á grundvelli hennar sé veitt án mismununar og á sanngjörnum og eðlilegum kjörum. Þá skal Skeljungur setja sér verðskrá sem byggir á málefnalegum viðskiptalegum forsendum í samræmi við ákvæði og markmið sáttarinnar. Þannig myndi málefnaleg verðskrá fyrir leigu birgðarýmis t.d. endurspegla kostnað vegna rekstur birgðastöðvarinnar, þ.m.t. afskriftir, auk hæfilegrar ávöxtunar á fjárfestingu sem bundin er í birgðatanki. Er þessi skylda um málefnalega verðskrá sambærileg skyldu ODR skv. sátt félagsins dags. 26. júní 2019 og ákvörðunum nr. 8/2019 og 9/2019. Þá er kveðið á um skyldu stjórnar- og starfsmanna til að þekkja ákvæði sáttarinnar, en jafnframt er gert ráð fyrir því að Skeljungur geti falið þriðja aðila að annast birgðaaðstöðu og tengda þjónustu og gilda þá skilyrðin um slíkan aðila. Loks er skv. 2. gr. skylt að halda rekstri aðstöðunnar bókhalds- og fjárhagslega aðskildum frá öðrum rekstri, sbr. e-lið.
25. Í 3. gr. - *Tengiliður Skeljungs*, er fjallað um sérstakan tengilið félagsins sem annast öll samskipti við keppinauta sem vilja aðgang að aðstöðu og þjónustu Skeljungs á flugvöllum. Er hann bundinn trúnaði og skal hann m.a. ekki greina frá neinum viðkvæmum upplýsingum um keppinauta, svo sem við aðra starfsmenn, eigendur eða stjórnarmenn. Ákvæðinu er þannig m.a. ætla að tryggja trúnað og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og misnotkun upplýsinga um keppinauta í starfsemi Skeljungs, og er félaginu því m.a. skylt að koma á aðgangsstýringu samkvæmt ákvæðinu. Þá er nánar útfært í 3. gr. hvernig markmiði hennar skal náð, sbr. a. til c. lið ákvæðisins.
26. Í 4. gr. - *Lok rannsókna*, kemur fram að með sáttinni sé stjórnsýslumáli vegna kvörtunar N1 í garð Skeljungs vegna aðgangs að aðstöðu á flugvöllum lokið, sem og hlut Skeljungs í þeim samkeppnishömlum við birgðahald sem markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði leiddi í ljós.
27. Í 5. gr. - *Viðurlög*, kemur fram að brot á skilyrðum sáttarinnar og þeim skyldum sem hvíla á Skeljungum geti varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga, þ.m.t. stjórnvaldssektum. Eru fyrirtæki enda skuldbundin af sáttum sem þau gera við Samkeppniseftirlitið og brýnt að farið sé að þeim fyrirmælum sem fyrirtæki samþykkja að undirgangast til lúkningar á málum sem til



rannsóknar eru hjá eftirlitinu. Þá leiðir af 2. mgr. 5. gr. sáttarinnar að ákvæði hennar taka til samstæðu Skeljungs, bæði móðurfélags og þeirra félaga sem fyrirtækið hefur yfirlit yfir. Hið sama gildir um umsjónar- eða afgreiðsluaðila sem Skeljungur kann að fela að annast aðstöðu og/eða þjónustu sem fellur undir sáttina, og loks um þau félög sem kunna síðar að taka við starfsemi Skeljungs í skilningi sáttarinnar.

28. Á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins er eftirlitinu heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt eins og áður sagði, og getur hún m.a. falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaði eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Eins og áður sagði samþykkti Skeljungur að undirgangast skilyrði sáttarinnar sem birt eru í ákvörðunarorðum. Hafa Samkeppniseftirlitið og Skeljungur því gert með sér sátt um niðurstöðu máls þessa á grundvelli framangreinds, sbr. undirritaða sátt aðila frá 25. júní 2020. Með því lýkur rannsókn Samkeppniseftirlitsins á kvörtun N1 vegna aðstöðu Skeljungs á umræddum flugvöllum, sem og á þeim samkeppnishömlum sem taldar voru stafa af yfirlitum Skeljungs á tilteknum birgðastöðvum í markaðsrannsókninni á eldsneytismarkaði.



IV. Ákvörðunarorð:

Sátt Samkeppniseftirlitsins og Skeljungs hf.

Um aðstöðu Skeljungs til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum

Samkeppniseftirlitið og Skeljungur hf. (hér eftir „Skeljungur“), kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins. Í henni felst að Skeljungur skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni.

1. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Skeljungur er eigandi aðstöðu til birgðahalds og afgreiðslu flugvéla- og þotueldsneytis á flugvöllum Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar (hér eftir „aðstaðan“ eða „flugvellirnir“).

Nánari lýsing á aðstöðunni, þ.m.t. birgðarými, skal vera í starfsreglum sem Skeljungur setur sér, sbr. a-lið 2. gr. í sáttinni. Skal lýsing aðstöðunnar m.a. taka til allra birgðatanka, mannvirkja, og afgreiðslutækja sem mynda aðstöðu Skeljungs til að veita framangreinda þjónustu á flugvöllum.

Þau skilyrði sem Skeljungur fellst á að hlíta skv. 1. – 5. gr. byggja á eftirfarandi markmiðum:

- a. Að bregðast við þeirri samkeppnisröskun sem getur stafað af samþættingu á innflutningi, heild- og smásölu flugvélaeldsneytis annars vegar og mikilvægri eða ómissandi aðstöðu til birgðahalds og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum hins vegar.
- b. Að bæta og auka aðgengi að birgðarými og tengdri þjónustu Skeljungs fyrir birgðahald og afgreiðslu eldsneytis á flugvöllum (eða þjónustu umsjónaraðila sem annast aðstöðu Skeljungs á flugvöllum).
- c. Að vernda og efla samkeppni á eldsneytismarkaði.

2. gr.

Aukið aðgengi að aðstöðu Skeljungs

Skeljungur skal tryggja að aðgengi annarra seljenda eldsneytis að aðstöðu félagsins á flugvöllum verði greiðara, m.a. með með jöfnum og hlutlægum aðgangi slíkra aðila að birgðarými í eigu félagsins og allri tengdri þjónustu. Nánar tiltekið skuldbindur Skeljungur sig til að framkvæma eftirfarandi atriði í þessum tilgangi:

- a. Skeljungur skal setja sér starfsreglur þar sem tryggt er að allir seljendur eldsneytis hafi, eins og Skeljungur, aðgang að aðstöðu félagsins á flugvöllum og allri tengdri þjónustu, þ.m.t. aðgang að birgðarými og afgreiðsluþjónustu. Aðgangur þessi nær til núverandi sem og nýrra seljenda eldsneytis hérlendis.
- b. Reglur Skeljungs skulu tryggja að öll þjónusta á flugvöllum sem tengist eldsneyti, þ.m.t. leiga birgðarýmis, sé veitt þeim aðilum sem eftir því óska án mismununar og á sanngjörnum og eðlilegum kjörum (e. *fair, reasonable and non-discriminatory terms*).
- c. Skeljungur skal setja sér verðskrá fyrir leigu birgðarýmis og alla aðra þjónustu vegna aðstöðunnar, sem byggir á málefnalegum viðskiptalegum forsendum og er í samræmi við markmið og önnur skilyrði þessarar sáttar, sbr. einnig b-lið.



- d. Skeljungur skal tryggja að stjórn og starfsmenn félagsins þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til þess að starfa eftir henni. Hið sama gildir um afgreiðslu- eða umsjónaraðila sem annast aðstöðu og/eða þjónustu Skeljungs, eða starfa að öðru leyti í umboði félagsins á flugvöllum. Sátt þessi takmarkar ekki á neinn hátt heimild Skeljungs til að fela slíkum umsjónaraðilum að annast aðstöðu og þjónustu félagsins á flugvöllum, eða koma fram fyrir hönd félagsins vegna þjónustunnar.
- e. Veitt þjónusta og rekstur aðstöðunnar sem Skeljungur býr yfir á flugvöllum skal vera bókhaldslega og fjárhagslega aðgreindur frá öðrum rekstri Skeljungs.

3.gr.

Tengiliður Skeljungs

Sérstakur starfsmaður Skeljungs skal tilnefndur sem tengiliður félagsins fyrir flugvallarþjónustu, og skal honum falið að annast samskipti við aðra seljendur eldsneytis sem vilja aðgang að aðstöðu Skeljungs og þjónustu félagsins á flugvöllum. Skal tengiliðnum vera óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins, viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um einstaka aðila í tengslum við aðstöðuna sem eiga í samkeppni við Skeljung. Skal viðhöfð aðgangsstýring að upplýsingakerfum félagsins sem tryggir fullan trúnað um slíkar upplýsingar um viðskipti félagsins við aðra seljendur eldsneytis vegna aðstöðunnar.

Tengiliðnum er óheimilt að greina öðrum starfsmönnum Skeljungs frá fyrirspurnum eða umsóknum keppinauta í eldsneytissölu um aðgang að aðstöðunni eða önnur þjónustuviðskipti við Skeljung á flugvöllum. Hið sama gildir um hvers kyns aðrar upplýsingar sem tengiliðurinn býr yfir og geta gefið til kynna fyrirætlanir og starfsemi keppinauta Skeljungs. Þurfi annar starfsmaður Skeljungs aðgang að umræddum upplýsingum gildir trúnaðarskylda þessi einnig um slíkan starfsmann eða starfsmenn, og skulu þeir vera eins fáir og kostur er. Skeljungur skal útbúa starfslýsingu fyrir tengiliðinn þar sem a.m.k. er mælt fyrir um:

- a. Trúverðuga verkferla sem tryggja að viðkvæmar upplýsingar um aðra seljendur eldsneytis og mögulega kaupendur að þjónustu Skeljungs á flugvöllum berist ekki til annarra starfsmanna félagsins.
- b. Yfirlýsingu, sem tengiliður skal undirrita, þar sem hann skuldbindur sig til þess að gæta að trúnaði og starfa í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar.
- c. Loks skal félagið halda samskiptaskrá um öll samskipti Skeljungs við keppinauta vegna sölu birgðarýmis og tengdrar þjónustu um aðstöðuna á flugvöllum, og skal tengiliður annast skrána og að hún sé í réttu horfi.

4. gr.

Lok rannsóknar

Með sáttinni lýkur athugun Samkeppniseftirlitsins vegna erindis N1 hf. sem laut að aðstöðu Skeljungs á flugvöllum, dags. 7. október 2015. Þá leiðir sáttin til þess að ekki mun koma til í hlutunar á grundvelli markaðsrannsóknar sem Samkeppniseftirlitið réðst í á eldsneytismarkaði.

5. gr.

Viðurlög o.fl.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari geta varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.



Sátt þessi tekur til Skeljungs og þeirra fyrirtækja sem Skeljungur hefur yfirráð yfir. Þá skal félagið jafnframt tryggja að skilyrði sáttarinnar komi að fullu til framkvæmdar þótt annar umsjónar- eða afgreiðsluaðili annist aðstöðu og/eða tengda þjónustu Skeljungs á flugvöllunum, sbr. d-lið 2. gr. að framan. Sáttin gildir einnig um þau fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við þeirri atvinnustarfsemi sem Skeljungur sinnir í dag. Allar breytingar á skipulagi samstæðu Skeljungs í þessu samhengi skulu kynntar Samkeppniseftirlitinu.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson